

**Ed.**

**294. Nefndarállt**

um frv. til laga um breytingar á ákvæðum siglingalaganna 22. nóv. 1913 um skip, árekstur og björgun.

Nefndin, sem hv. Ed. skipaði til að fhuga þetta frumvarp, sem fyrst var lagt fyrir þá háttv. deild, hefir athugað viðauka þá, sem hv. N.deild hefir samþykkt við frumvarpið og orðið sammála um, að þeir megi standa.

Viðaukar þessir eru: *ad* 1. gr. siglingalaganna er orðuð upp, án þess sjæð verði, að efni hennar sje að neinu breytt, og bætt við ákvæðum, sem eru samhljóða viðbót við 1. gr. sjólaganna dönsku frá 4. febrúar 1898, nema í frumvarpinu er krafist, að  $\frac{2}{3}$  stjórnarnefndarmanna hlutafjelaga fullnægi skilyrðunum um heimilisfang og rjett innborinna manna, en dönsku lögin heimta aðeins, að það sje meiri hlutinn, sem uppfylli tjeð skilyrði, og virðist þetta ákvæði frumvarpsins tryggilegra; og *ad* frumvarpsgreinarnar verði feldar inn í texta siglingalaganna, og virðist 14. gr. frumvarpsins þannig orðuð nú, eftir bendingu frá nefndinni í E.deild, að þetta sje hægt svo vel fari.

Þá hefir fyrirsögn frumvarpsins verið breytt vegna upptekningar 1. gr. siglingalaganna í frumvarpið og viðaukanna við hana.

Annars hefir aðeins verið gerð ein orðabreyting á frumvarpinu, eins og það

var er það fórn úr hv. E.deild, sem sje orðin: „sama manns sem“, í 3ju málsgrein 6. greinar sett í stað: „sama manns eins og“.

Nefndin ræður því til að hv. deild samþykki frumvarpið, eins og það liggur fyrir.

Alþingi 30. júlí 1914.

Eiríkur Briem,  
form.

Karl Einarsson,  
skrifari og framsögum.

Sigurður Stefánsson.

Kristinn Daníelsson.

H. J. Kristófersson.